

Greinagerð innra mats 2024-2025

MATSTEYMI BARNABÓLS 2024-2025

HALLDÓRA JÓHANNA, AÐALBJÖRG STEINUNN OG SIGRÍÐUR ÓSK

Inngangur	2
Matsáætlun 2024-2025	2
Stjórnun skólans	2
Samantekt á mati á námsáætlunum skólaárið 2024-2025	3
Hljóm_2	3
Þættir sem ekki náðist að meta	3
Foreldrakönnun skólapúlsins 2025	3
Starfsmannakönnun skólapúlsins 2025	5

Inngangur

Matsteymið var með matsáætlun fyrir veturinn 2024-2025 og ákvað í samvinnu við aðra starfsmenn að nýta niðurstöður skólapúlssins í innra matinu þar sem það er lagt fyrir 2025. Ákveðið var að horfa sérstaklega á þá þætti sem okkur fannst að þyrfti að bæta t.d. úr starfsmannakönnun frá 2023. En einnig að taka heildarniðurstöðu úr bæði foreldrakönnuninni og starfsmannakönnuninni.

Matsáætlun 2024-2025

Matsáætlun fyrir veturinn 2024- 2025

Mánuður	Viðfangsefni	Hvernig fer matið fram	Ábyrgð á mati	Hveir eiga að fá upplýsingar um mat?	Birtingarform
Ágúst	Námsáætlunum fyrir sumarönn skilað inn.	Leikskólastjóri tekur saman punkta úr áætlunum.	Leikskólastjóri	Starfsmenn	Samantekt í ársskýrslu
	Námsáætlanir fyrir haustönn komnar inn á deildir	Hver hópstjóri fyllir út samantekt á tímabilinu	Leikskólastjóri	Starfsmenn	Samantekt í ársskýrslu
September	Kórónugerð – þátttaka barna	Deildastjóri skráir ferlið	Deildarstjóri		
	Fataklefinn - orðaforði	Með skráningu kennara	Leikskólastjóri		
Október	Hljóm 2	Lagt fyrir hvert barn í elsta árgangi	Leikskólastjóri	Foreldrar og deildastjórar	Trúnaðarmál
Nóvember	Námsáætlunum fyrir haustönn skilað inn í lok nóv.	Leikskólastjóri tekur saman punkta úr áætlunum.	Leikskólastjóri		
	Námsáætlanir fyrir vetrarönn komnar inn á deildir	Hver hópstjóri fyllir út samantekt á tímabilinu			
Janúar					
Febrúar	Stjórnun skólans	Skólapúls			
	Námsáætlanir fyrir vorönn komnar inn á deildir	Hver hópstjóri fyllir út samantekt á tímabilinu			
	Námsáætlunum fyrir haustönn skilað inn í lok feb.	Leikskólastjóri tekur saman punkta úr áætlunum.			
Mars					
Apríl					
Mái					

Stjórnun skólans

Starfsmannakönnun Skólapúlssins á stjórnunarþættinum kom rosalega vel út. Matsþættirnir eru sex og allir sýndu marktækan jákvæðan mun sem þýðir að við vorum töluvert yfir í samanburði við aðra leikskóla á landinu. Einnig er jákvæð breyting frá síðustu könnun. Þeir þættir sem spurt er um eru stuðningur frá næsta yfirmanni; sanngjörn forysta næsta yfirmanns, valdeflandi forysta næsta yfirmanns; stuðningur frá öðrum yfirmanni; sanngjörn forysta annars yfirmanns; valdeflandi forysta annars yfirmanns. Undir hverjum og einum þætti eru svo spurningar sem mynda matsþáttinn.

Samantekt á mati á námsáætlunum skólaárið 2024-2025

Þegar matsblöðin frá hverri önn eru skoðuð þá eru báðar deildir að vinna eftir námskránni okkar. Auðvitað er farið mismikið og misdjúpt í verkefnin en merkt er við flesta þætti. Það var ekki sett viðmið í matsáætlunina um hvað þætti góður árangur og o.s.frv. en ég tel að þetta sé mjög góður árangur. Allir matsþættir sem eru skoðaðir eru allir 95 af 100.

Hjá 1-3 ára var unnið með alla þætti í leikur að læra, í málrækt og skilningi hefði mátt vinna meira með tákni með tali og sjónrænt skipulag. Flesta þætti í tækni og stærðfræði var unnið með að einhverju marki. Sköpun og uppgötvun vantaði upp á tækifæri til að skoða og rannsaka sjálf. Lífsleikni og heilbrigði kom vel út og mikið unnið með þá þætti sem þar eru undir.

Hjá 3-6 ára í umhverfi og menningu var ekki farið neitt í útiöldun, það hefði mátt lesa bækur sem sýna ólíka menningu og skapa listaverk sem tengist nærumhverfinu. Þegar kom að læsi og vísindum þá var unnið með stafainnlögn að mestu en sjónrænt skipulag ekki notað markvisst og lítil verkleg vinna með t.d. ormabúr og þess háttar í sköpun og uppgötvun. Einingakubbar voru ekki notaðir í skipulögðu starfi í vetur. Lífsleikni og heilbrigði kom vel út líkt og hjá yngri deildinni, en þar var unnið með alla matsþætti.

Hljóm_2

Hljóm_2 var lagt fyrir 3 af 4 börnum í elsta árgangi í október 2024 og niðurstöður kynntar fyrir foreldrum á sérstökum fundi. Niðurstöður úr Hljóm_2 fara með börnunum upp í grunnskólann svo kennarar hafi þær upplýsingar við upphaf skólagöngu.

Þættir sem ekki náðist að meta

Þættir sem ákveðið var að meta en ekki náðist að gera voru þátttaka barna í kórónugerð og mat á hversu mikil málörvun/orðaforðavinna fer fram í fataklefanum. Fundir matsteymisins duttu niður í haust og þessir matsþættir gleymdust og ákveðið var að geyma þá.

Foreldrakönnun skólapúlsins 2025

Svarhlutfallið í könnuninni fyrir leikskólann Barnaból var 88,9%, með 18 þátttakendum og 16 svarendum.

1. Námsumhverfi og aðstaða:

- Námsumhverfi barnanna er talið taka mið af þroska þeirra, með öruggu umhverfi og aðgengi að fjölbreyttum efnivið til leikja.
- Börnin fá stuðning og hvatningu við nám sitt, og starfsfólk er metnaðarfullt.

2. **Félagsfærni og samskipti** - Börnin læra að bera virðingu fyrir sér og öðrum, fá leiðsögn um ásættanlega hegðun, og hafa næg tækifæri til að efla félagsfærni sína.

- Samskipti við foreldra eru góð, þar sem foreldrar eru vel upplýstir um viðfangsefni og fundi.

3. **Þátttaka án aðgreiningar:**

- Leikskólinn leggur áherslu á að öll börn tilheyri barnahópnum og að börnum af ólíkum uppruna sé mætt á sanngjarnan hátt.

4. **Sérþarfir og stuðning:**

- Börnin fá hollan og góðan mat, og sérþarfir í mataræði eru teknar til greina.
- Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta eru í boði fyrir börn sem þurfa á því að halda.

5. **Samskipti við foreldra:**

- Foreldrar eru ánægðir með upplýsingamiðlun og tengsl við starfsfólk leikskólans.
- Foreldrar fá að heyra um framfarir barna sinna og eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu.

Þessar niðurstöður gefa til kynna góðan árangur í flestum þáttum leikskólastarfsins. Niðurstöður foreldrakönnunar 2023 voru rosalega góðar, allar tölur voru grænar og ánægja með leikskólann, stjórnun og ánægja barnanna í leikskólanum var 100%. Þetta er erfitt að halda í og því voru fleiri tölur rauðar í niðurstöðum foreldrakönnunar í ár. Ánægja með þætti sem snúa að daglegu leikskólastarfi sem og námsumhverfi barnanna höfðu flestir lækkað. En samskipti við foreldra höfðu lækkað aðeins en samt hærri en samanburður við landið.

Eitt sem verður að hafa í huga þegar verið er að gera svona kannanir er að við erum svo fá (lítið þýði) að hver og einn hefur óeðlilega mikil áhrif á niðurstöðuna. Þannig að niðurstaðan verður stundum svolítið skökk. Eitt foreldri sem merkir við mjög óánægð getur lækkað heildarniðurstöðuna um mörg prósent, en það er greinilega það sem er um að ræða í okkar könnun. Það er einn eða tveir sem merkja eiginlega alltaf við að þeir séu frekar eða mjög ósammála/óánægðir og það hefur mikil áhrif á heildarmyndina.

Ákveðið var þegar við fengum niðurstöðurnar og sáum hvernig þetta lá að spyrja alla foreldra um ánægju þeirra með leikskólann og gáfum öllum færi á að segja ef það væri eitthvað sem betur mætti fara. Því það er svo erfitt að vinna áfram með niðurstöður

skólapúlsins ef einhver segir nafnlaust að barninu sínu líði illa að þá getum við samt ekki brugðist við því, við vitum ekki um hvaða barn er að ræða.

Niðurstöðurnar úr foreldrasamtölunum voru frábærar og allir voru mjög ánægðir með leikskólann og sögðu að barninu þeirra líði vel.

Þannig að við ætlum að halda áfram að gera vel og einbeita okkur áfram að þeirri vinnu sem hefur verið í yngri deildinni með samskipti milli barna og hvernig er best að skipta þeim upp. Það er alveg ljóst að sú deild er búin að vera mjög þung í vetur og þessi mikli þroskamunur sem er á milli 1 árs og 3ja ára krefst þess eiginlega að fá aukarými.

Í opnu svörunum er helst gagnrýni á leikskólalóðina og ákall eftir betri aðstöðu og öruggara útileiksvæði.

Ánægjulegt er að árið 2024 setti sveitarfélagið pening í að teikna upp nýja lóð og í ár setti sveitarfélagið rúmar 42 milljónir í að hefja framkvæmdir. Fyrsti áfangi er kominn af stað og búið er að teikna fyrsta áfanga og kaupa þau leiktæki sem koma á lóðina í sumar. Verið er að vinna að því að fá verktaka í verkið og vonandi hefjast framkvæmdir sem fyrst. Markmiðið er að vera kominn með frábært útisvæði í haust. Halda þarf svo áfram með hina áfangana næstu ár, en heildaráætlunin hljóðar upp á rúmar 90 milljónir.

Starfsmannakönnun skólapúlsins 2025

1. Svarhlutfall og þátttaka:

- Könnunin náði til 8 starfsmanna með svarhlutfall upp á 87,5%, þar sem 7 svöruðu.

2. Ánægja með vinnuaðstöðu:

- Starfsmenn lýstu yfir ánægju með vinnuaðstöðu sína, og þessi ánægja var yfir landmeðaltali.

3. Stuðningur frá yfirmönnum:

- Stuðningur frá næsta yfirmanni var talinn mjög góður og mældist einnig yfir landsmeðaltali.

4. Einelti eða áreitni:

- Engin tilvik eineltis eða kynferðislegrar áreitni voru tilkynnt á síðustu sex mánuðum.

5. Þátttaka í þróunarstarfi:

- Starfsmenn voru hvattir til þátttöku í þróunarstarfi, og starfsmannaviðtöl voru talin gagnleg.

6. Framkvæmd könnunar:


- Könnunin var á netinu, og niðurstöðurnar voru settar fram með samanburði við landsmeðaltal.


Þessar niðurstöður gefa til kynna almenna ánægju meðal starfsmanna í leikskólum, með góðum stuðningi frá yfirmönnum og engin tilvik einelti eða áreitni. Þetta bendir til jákvæðs starfsumhverfis.

Niðurstöður starfsmannakönnunarinnar eru rosalega flottar og allar tölur eru grænar og erum við marktækt yfir landsmeðaltali í um 20 niðurstöðum. Mikil ánægja er með vinnustyttinguna hjá okkur og frábært að sjá hversu vel starfsfólkinu líður í vinnunni.

Eftir starfsmannakönnunina 2023 ákváðum að setja fókus á einn þátt sem heitir trú á eigin getu við umönnun barna. En þegar spurningarnar sem mynda þann matsþátt voru skoðaðar voru fáir að merkja við „mjög auðvelt“ í þeim spurningum. Við ákváðum að vinna með Jafningjamat í samstarfi við Gunnar Gísla og einnig fengum við til okkar fyrirlestur síðasta haust um starfsánægju og valdeflingu. Það var alveg frábær fyrirlestur sem við höfum unnið að eins áfram með en byggir svolítið á því að við stjórnum hugsunum okkar og þar af leiðandi okkar líðan. Huld Arinbjarnardóttir kynnti fyrir okkur mörg mjög gagnleg verkfæri sem starfsfólk getur nýtt sér bæði í vinnu og einkalífi.


Frábært er að sjá niðurstöður þessa matsþátts núna en þar mælumst við tölfræðilega marktækur munur upp á 1 heilann. Skoða má myndirnar til að sjá hversu mikill munurinn er milli kannanna.





Árið 2023

5.1. Trú á eigin getu við umönnun barna – Ársmeðaltöl



Þessi mynd sýnir þróun svara eftir þátttökuárum.

Lokaorð

Matsteyminu gekk vel að vinna saman og við gerðum mistök sem við lærum af og það er það skemmtilega við þetta allt að við erum alltaf að læra og verða betri. Við erum mjög ánægð með þann stað sem vinna með innra mat skólans er komin á en þetta hefur verið þáttur sem erfitt hefur verið að festa í sessi hjá okkur. Matið hefur ekki verið nógu markvisst en nú er þetta að komast inn í menninguna og okkar starfshætti. Við erum búnar að taka saman það sem matsteymið þarf að gera öðruvísi á komandi skólaári og hlökkum til að takast á við það að loknu sumarfríi.